



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
mvf@mvf.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 10.júlí 2023

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026, mál nr. 107/2023

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök menntatæknifyrirtækja (Iceland EdTech Industry – IEI) hafa tekið til umsagnar **tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu**. Samtökin fagna aðgerðaráætlun um þetta mikilvæga málefni.

Í könnun á vegum SI fyrr í vor svöruðu 50% þátttakenda, félagsmanna SI, því játandi að skortur á mannauði myndi líklega hefta vöxt síns fyrirtækis lítið til næstu fimm ára. Skortur á mannauði nær þvert yfir greinar iðnaðar, framleiðsluiðnað, mannvirkjaiðnað og hugverkaiðnað. Ljóst er að mikið af þessum mannauði mun þurfa að koma erlendis frá. Ísland er ekki eina Evrópulandið sem stendur frammi fyrir sívaxandi mannauðsskort og því á Ísland samhliða þessu í harðri samkeppni við aðrar þjóðir um hæfileikaríkt fólk. Hér á landi eru spennandi tækifæri og möguleiki á farsælu lífi en geta Íslands til þess að taka á móti og laða að erlent starfsfólk hefur ekki verið nægilega góð til þess að styðja við íslensk fyrirtæki sem þurfa á sérhæfðum mannauði að halda til að vaxa. Ein helsta hindrunin að farsælli aðlögun inn á íslenskan vinnumarkað hefur verið tungumálið og því styðja samtökin eindregið að leitað verði skilvirkra og farsælla leiða til þess að efla íslenskukunnáttu erlendra starfsmanna. Erlendir sérfræðingar sem samtökin hafa rætt við segja íslensku spennandi tungumál að læra, það sé ekkert erfiðara en gengur og gerist en hins vegar kvarta þau yfir því að íslenskukennslan sem í boði er sé ekki spennandi og ekki praktísk. Sem dæmi má nefna að erlendir stjórnandi í stóru íslensku fyrirtæki sem búið hefur hér á landi í áratug sagði að það sem hún hefði helst staðið eftir með eftir fyrsta íslenskunámskeiðið hefði verið „hvenær kemur lestin?“.

Á sama tíma og samtökin fagna því að lögð hafi verið fram aðgerðaráætlun um þetta mikilvæga málefni vilja SI og IEI óska eftir því að atvinnulífið hafi aukna aðkomu að því að leysa verkefnin sem fyrir höndum er. Fyrir þá sem ekki þekkja, voru Samtök menntatæknifyrirtækja eða Iceland Edtech Industry, IEI, stofnuð undir hatti SI í nóvember 2022. Markmið samtakanna er að stuðla að farsælli innleiðingu á menntatækni inn í íslenskt atvinnulíf, skólakerfi, nemendum, kennurum og þannig samfélaginu öllu til heilla. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum og athugasemdum um þingsályktunartillöguna, sér í lagi hvað varðar útfærslur á starfstengdri íslenskufræðslu og úrfærslu á vinnustað og aukna innleiðingu menntatækni í íslenskukennslu. Þá vilja samtökin koma til leiðar upplýsingum um menntatækniðnað og áhrif af innleiðingu menntatækni.

II. Aðlögun að íslensku samfélagi grundvöllur jöfnuðar

Íslenskt samfélag, er samfélag jafnræðis og jöfnuðar. Farsæl aðlögun þeirra sem setjast hér að og taka virkan þátt í að tryggja vegsæld og áframhaldandi samkeppnishæfni Íslands skiptir



Því öllu máli. Ástæða ákvörðunar um að flytja erlendis í leit að vinnu er oftast byggð á því að slíkir flutningar muni gefa einstaklingunum sjálfum og afkomendum þeirra tækifæri á betra lífi. Því er ljóst að þróun sem nú þegar má sjá er varðar stéttar- og misskiptingu þeirra sem fæðast hérlendis og fólks með erlendan bakgrunn. Erfiðara verður fyrir íslenskt atvinnulíf að laða að sér hæfileikaríka sérfræðinga til landsins sjái þeir að makar og börn sín muni standa höllum fæti í samfélaginu.

Munur á námsárangri barna með erlendan eða íslenskan bakgrunn er með því allra mesta hér á landi. Skýrsla sem OECD gaf út árið 2019 sýnir að Ísland er í 41. sæti af 42¹ um stöðu lesskilnings barna með erlendan bakgrunn. Hérlendis er því næst mestur munur milli lesskilnings barna með erlendan bakgrunn og íslenskra samnemenda þeirra. Einstaklingar með erlendan bakgrunn skila sér síður í framhaldsnám og eru líklegri til að falla úr námi áður en því er lokið.

III. Aukin þörf á menntatæknilausnum í íslenskukennslu

Níu af átján liðum í aðgerðaáætluninni miða að íslenskunámi fyrir innflytjendur og nýja Íslendinga, á vinnumarkaði. Sem dæmi er í fyrstu aðgerð talað um „starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu“. Aðgengi og fjölbreytni íslenskunáms fullorðinna innflytjenda verði aukið með eflingu starfstengdrar íslenskufræðslu og talþjálfunar samhliða starfi. Áhersla verði lögð á starfstengdan orðaforða á einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt. **Fyrirtæki og stofnanir geti sótt um stuðning** til að útfæra íslenskunám á vinnustað og jafnframt verði metið á hvaða starfssviðum brýnust þörf sé fyrir aukna íslenskukunnáttu.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að fimmta iðnbyltingin stendur nú yfir, með tilkomu gervigreindar. Því skiptir sköpum að íslensk stjórnvöld setji framsýna stefnu þegar kemur að innleiðingu tækni í íslenskukennslu í innflytjenda í **atvinnulífinu, starfsnámi og í skólastarfi**, efla varðveita íslenska tungu og auka íslenskukunnáttu nýrra Íslendinga og tryggja hæfni þeirra til þess að sinna störfum í heimi þar sem tæknin leikur lykilhlutverk.

Samtökin benda á að til staðar á Íslandi eru í dag fyrirtæki í menntatækni sem sérhæfa sig í íslenskukennslu, til dæmis fyrirtækið Bara tala sem byggir á sterkum grunni eldra menntatækniyfirtækis, Mussila. Samtökin hvetja stjórnvöld eindregið til þess að nýta lausnir úr atvinnulífinu sem byggja á nýjustu tækni á hverjum tíma til þess að kenna íslensku.

IV. Menntatækniíðnaður, staða og ávinningur

Uppbygging menntatækniíðnaðar hérlendis getur haft mikinn hagrænan ábata fyrir íslenskt samfélag, í beinum ábata í formi meiri og fjölbreyttari útflutningstekna og ávinningi sem skiptir í raun meira máli í þessu samhengi; **betri námsárangri og aukinni færni nemenda**. Áhersla á íslenska menntatækni getur bætt árangur íslenskra nemenda og aukið gildi íslenskunnar. Þá hefur verið sýnt fram á að nýting menntatækni í stærðfræði stóreykur áhuga og hæfni nemenda.

Menntatækniíðnaður á alþjóðavísu er rótgróinn iðnaður sem á sér áratuga sögu. Stærð menntatæknimarkaðarins á heimsvísu var 16.500 milljarðar íslenskra króna árið 2023 og er áætlaður árlegur vöxtur iðnaðarins í dag um tæplega 14% til ársins 2030². Ósött tækifæri eru því í þessum iðnaði fyrir íslenskt samfélag en menntatækniíðnaður hérlendis hefur sögulega

¹ Sjá bls. 28.

<https://www.oecd.org/pisa/PISA%202018%20Insights%20and%20Interpretations%20FINAL%20PDF.pdf>

² Education Technology Market Size. Grand View Research. <https://www.grandviewresearch.com/industry-analysis/education-technology-market>



verið mjög lítill. Þá eru mikil tækifæri fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki í menntatækni, sprotafyrirtæki jafnt og vaxtarfyrirtæki.

Árangur íslenskra barna í grunngreinum menntakerfisins hefur fallið í alþjóðlegum samanburði síðastliðin ár, en á síðustu tveimur áratugum hefur nemendum sem ekki gátu lesið sér til gagns eða sýnt fram á hæfilega náttúru- og stærðfræðikunnáttu við lok grunnskólagöngu sinnar fjölgað úr 15% í 26%. Niðurstöður rannsókna sýna að líðan ungmenna hafa einnig versnað á sama tíma. Augljóst er að skólakerfið glímir við fjölþættan vanda er kemur að því að tryggja að út úr skólakerfinu komi heilbrigður og fær mannauður sem hefur burði til að halda uppbyggingu og vexti íslensks hagkerfis við. Fjölþættur vandi krefst fjölbreyttra lausna og því er brýnt að sem flestir, opinberir jafnt sem einkaaðilar, kennarar, rannsakendur, háskólastofnanir, nýsköpunar- og tæknifyrirtæki, komi að borði. Að tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttu stafrænu, vottuðu íslensku námsefni með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til hagsbóta.

Hæfari mannauður skilar auknum hagvexti og bjartari framtíð fyrir Ísland.

IV. Athugasemdir við tillögur

Samtök iðnaðarins vill benda á að vaxandi menntatæknifyrirtæki á markaði geta mætt þessari gríðarlegu þörf. Einnig til að tryggja megi gæði í íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur þannig að fyrirkomulagið tekur mið af væntingum og fjölbreyttum námsþörfum óháð búsetu.

Samtökin telja að íslenskt menntakerfi hafi ekki náð að svara kalli atvinnulífsins auk þess sem mikill skortur er á íslenskukennslu í íslensku atvinnulífi.

Byggst hefur upp umtalsverð sérfræðiþekking í menntatækniiðnaði sem nýst getur til að ná markmiðum aðgerðaráætlunarinnar með hagkvæmum og árangursríkum hætti. Gagnadrifið námsefni framsett með skemmtilegum og auðnýtanlegum hætti er sérhæfing iðngreinarinnar. Gagnagrunnar eins og þeir sem eru til hjá t.d. Árnastofnun og Samrómi geta til að mynda verið nýttir til uppbyggingar á hugbúnaði sem væri auðaðlagður að mismunandi atvinnugreinum. Með nýtingu þeirrar sérþekkingar sem íslenskur menntatækniiðnaður býr yfir er hægt að spara umtalsverðan tíma og fjármuni er kemur að framsetningu og aðlögun íslenskukennslu að mismunandi atvinnugreinum. Samtökin gera því athugasemd við að lítið sé alfarið framhjá menntatækniiðnaði við gerð þessara draga.

12. grein: „Þróaðir verði innviðir fyrir miðlun rafræns námsefnis fyrir öll skólastig sem bæti aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum á íslensku og stuðli að hraðari þróun þess og uppfærslum.“ Hér er einungis Menntamálastofnun tilgreind sem mögulegur samstarfsaðili, en vitaskuld gefa ýmsir fleiri aðilar út margs konar námsefni, einkum fyrir atvinnulífið, framhaldsskóla og grunnskóla, því innflytjendur eru á öllum aldri. Samtökin leggja ríka áherslu á að atvinnulífinu verði bætt inn sem samstarfsaðili og leggja til að Samtök menntatæknifyrirtækja taki beinan þátt í þessari vinnu.

Sama á við um 13. Grein: „Mótað verði samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þar sem sérstök áhersla verði lögð á íslensku sem annað mál. Lögð verði áhersla á íslenskukennslu við hæfi og viðeigandi stuðning í námi sem allra fyrst eftir komu til landsins. Verklagið verði innleitt þvert á skólastig og þjónustukerfi“. Hér er einnig aðeins gert ráð fyrir aðkomu tveggja stjórnáslustiga auk Menntamálastofnunar. Samtökin leggja ríka áherslu á að Samtök menntatæknifyrirtækja taki beinan þátt í þessari vinnu



Ástæðan fyrir því að menntatækniíðnaður hefur ekki vaxið hérlandis með sama hætti og í þeim löndum sem við berum okkur saman við er meðal annars einokunarstaða ríkisrekinnar stofnunar er kemur að námsefnisgerð. Það þarf því að grípa til markvissra aðgerða til að bæta starfsumhverfi menntatæknifyrirtækja ætli ríkið sér ekki að fara á mis við bæði hagræn og félagsleg tækifæri sem felast í uppbyggingu menntatækniíðnaðar hérlandis.

Af þessum ástæðum gera samtökin athugasemd við þingsályktunartillöguna að sem tryggir í raun áframhaldandi ríkiseinokun á kennslu íslenskunámsefnis og framkvæmd þess.

Markaðsbrestur vegna einokunar ríkisins á þessum markaði hefur komið í veg fyrir eðlilegan vöxt menntatækniíðnaðar hérlandis þar sem markaðsforsendur fyrir áframhaldandi þróunar og vexti menntatæknifyrirtækja eru litlar sem engar. Árangur fyrirtækja í eigin landi er ein af helstu forsendum fyrir því að hægt sé að fjármagna vöxt fyrirtækis, bæði til að halda áfram þróun á framúrskarandi menntatæknitólum fyrir íslenskt atvinnulíf, skólakerfi og til alþjóðlegs vaxtar til að skapa auknar útflutningstekjur.

SI minnir á að uppsöfnuð upplýsingalæsi og menntatækni innviðum landsins er mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýfjárfestingum.

V. Lokaorð

Samtökin leggja áherslu á að litið til framtíðar sinni menntakerfið færnipörf íðnaðar og síbreytilegs samfélags. Samtökin hvetja til þess að menntatækni verði eflað og að upplýsingatækni verði nýtt í auknum mæli þvert á greinar og innan atvinnulífsins.

Samtökin hvetja ráðuneytið til þess að ganga lengra í að hagnýta til nýsköpun þegar kemur að íslenskukennslu fyrir innflytjendur, þannig að íslenskufærni starfsfólks í öllum greinum samfélagsins muni eflast. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld styrki vaxtargetu hagkerfisins til lengri tíma, sér í lagi með því að styrkja framboðshlið hagkerfisins. Með þeim hætti er stoðum rennt undir bætta samkeppnishæfni, framleiðni og hagvöxt til lengri tíma. Í því sambandi þarf að tryggja aukið framboð af nýsköpun í menntatækni til að nútímavæða og auðga nám fullorðna og barna, mæta fjölbreyttum áskorunum innan skólakerfisins og nýta fjármagn sem best þegar kemur að grunn- og framhaldsskólamenntun.

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sigurður Hannesson'.

Sigurður Hannesson,
Framkvæmdastjóri SI